



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Björgunarrannsókn á landnámsskála á Grónesi



Framvinduskýrsla 2022

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 10-23

Apríl 2023

Forsíðmynd: Skálinn á Grónesi við lok uppgrftar 2022. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

EFNISYFIRLIT

1.	Grunnupplýsingar	5
2.	TÆKNILEG ATRIÐI.....	6
	2.1 Útdráttur.....	6
3.	Forsaga rannsóknar	7
	3.3 Stjórnsýsla og fjármögnun	10
	3.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2022	10
	3.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi	10
	3.6 Stærð og umfang uppgrafter	11
4.	Björgunarrannsóknin á Grónesi sumarið 2021	12
	4.1 Skálinn á Grónesi	12
	4.2 Afhýsi á Grónesi.....	23
5.	Björgunarrannsóknin á Grónesi sumarið 2022	26
	5.3 Skálinn á Grónesi	26
	5.4 Afhýsi	50
	5.5 Fjós	52
6.	Túlkun 2022	56
	6.1 Skálinn	56
	6.2 Afhýsi	61
	6.3 Fjós	62
7.	Gripir.....	63
	7.3 Skálinn á Grónesi	63
	7.4 Afhýsi á grónesi.....	64
8.	Heimildaskrá	65
9.	Teikning	66
10.	Skrár.....	67
	10.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá) Skáli 2021.....	67
	10.2 Jarðlagaskrá (Contextaskrá) Skáli 2022.....	84
	10.3 Jarðlagaskrá (Contextaskrá) afhýsi 2021.....	99
	10.3 Jarðlagaskrá (Contextaskrá) afhýsi 2022.....	101
	10.3 Jarðlagaskrá (Contextaskrá) fjóss 2022.....	102

10.4 Fundarskrá skáli 2022	103
10.5 Fundaskrá afhýsis 2022	104
10.6 Sýnaskrá skáli 2022	105
10.7 Teikningaskrá 2022	106
10.8 Ljósmyndaskrá 2021	107

1. Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202107-0024

ÞJMS-númer: 2022-22

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun: 1788-310, 1788-311

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022. *Fornleifaskráning innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi. Viðbætur við fornleifaskráningu og vegna breytinga á veglínu.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 13-22.

Stutt lýsing rannsóknar: Björgunarrannsókn á landnámskála á Grónesi vegna fyrirhugaðra framkvæmda á nýjum Vestfjarðarvegi 60.

Tegund rannsóknar: Björgunarrannsókn

Staðsetning

Rannsóknarsvæðið er á jörðinni Grónes í Reykhólahreppi, Austur Barðastrandarsýslu.

GPS hnit

ISN93: A 344134, N 563113

Leyfishafi

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna: Sex starfsmenn




2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Vegagerðin óskaði eftir að Náttúrustofa Vestfjarða framkvæmdi björgunarrannsókn á skála sem fannst við rannsóknir á svæðinu í júní 2021. Þessar minjar fundust ekki við fornleifaskráningu sem gerð var á svæðinu árið 2015. Við drónamyndatöku í tengslum við yfirstandi rannsóknir á minjum í vegstæði á Grónesi sást glitta í skálalaga fornleifar. Minjarnar voru illgreinanlegar og nánast ósjáanlegar á yfirborði enda vaxnar lynggróðri. Minjastofnun var gert viðvart og fór hún fram á rannsókn á þessum minjum. Auk skálans voru líklegt afhýsi sem er samtengt skálanum og garðlag við norður enda skálans rannsökuð að hluta til.

Fornleifarannsóknir fóru fram sumarið og haustið 2021 þar sem lögð var áhersla á að ljúka við uppgröft á skálanum. Ekki náðist að klára rannsóknir það árið þar sem veður tók að breytast og mikil bleyta var á svæðinu sem gerði erfitt til rannsókna. Þó náðist rannsóknin langt á veg og voru viðkvæmari jarðlög líkt og gólflag tekin. Í október sama ár var grafa fengin til að taka yfirborðið af því svæði sem er í veglínunni í nánasta umhverfi skálans. Við fjarlægingu á yfirborðinu sást ekki í fleiri minjar þó komu í ljós við þá framkvæmd steinar sem vöktu grun um að eitthvað gæti verið á því svæði, sem svo kom í ljós árið eftir þegar hluti af fjósi kom í ljós.

Rannsóknir héldu áfram á skálanum frá 25. maí til 8. júlí 2022 og svo aftur dagana 23-24. október 2022. Eftir að yfirborðslagið hafði verið fjarlægt í veglínunni í október 2021 komu fram vísbendingar að líklega væru minjar á svæði austan við skálann. Sumarið 2022 var það svæði skoðað betur og kom þá fram hellur og voru þær úr fjósi sem var rannsakað sumarið og haust 2022. Var þá lögð áhersla á að klára og fá sem mestar upplýsingar úr uppgreftinum á skálanum, afhýsinu og fjósinu.



Mynd 1. Drónamynd tekin af svæðinu þegar sást glitta í skálann. Skálinn er innan rauða hringsins og fjósið staðsett innan gula hringsins..

3. Forsaga rannsóknar

Rannsóknarsvæðið er í Reykhólahreppi, Austur Barðastrandarsýslu. Reykhólahreppur var áður fimm hreppar, Geiradals-, Reykhóla-, Gufudals-, Múla- og Flateyjarhreppur. Framkvæmdasvæðið er staðsett innan hins forna Gufudalshrepps. Grónes er nes sem staðsett er á milli Gufufjarðar og Djúpafjarðar.

Grónes fór í eyði árið 1927 en fram undir 1950 stóð í fjörunni neðan við túnið sláturhús hreppsins.¹ Fornleifaskráning var gerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda á nýjum Vestfjarðarvegi 60



Mynd 1. Minjar sem skráðar voru 2015 á Grónesi

¹ Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson. 2012. Bls. 83

frá Bjarkarlundi að Skálanesi í nóvember 2015² og þá voru margar minjar skráðar á Grónesi. Við þá skráningu fundust ekki umræddar minjar enda eru þær illsjáanlegar með berum augum. Minjarnar eru yfir grónar með lyngi.

Fornleifaskráning hafði farið fram í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir árið 2015 og þá kom í ljós að tvö naust voru í veglínu og fór Minjastofnun fram á að þau yrðu grafin. Rannsókn hófst svo á Grónesi í tengslum við mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda við ÞH veglínu þann 22. maí 2021. Tvö naust [1788-203 og 1788-204] þurfti að rannsaka vegna þess að veglína er fyrirhuguð yfir þau. Tækni hefur fleygt fram á þeim sjö árum sem liðin eru síðan skráning fór fram. Þann 24. júní fór stjórnandi rannsóknarinnar að Grónesi seint um kvöld til að nýta skugga kvöldsólarinnar til að mynda svæðið í nánasta nágrenni við naustin með dróna. Sú myndataka leiddi í ljós ummerki um minjar sem sér illa stað á jörðu niðri en koma vel í ljós við drónamyndatöku í góðu skyggni. Birtist þá bogalöguð bygging sem líktist mjög skála.




Mynd 2. Eins og sést á þessari mynd eru minjar illgreinanlegar á jörðu niðri, yfirvaxnar lynggróðri.

² Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016.

Strax var haft samband við minjavörð Vesturlands sem og Minjastofnun vegna þessa fundar og að tilmælum þeirra var staðfest með borkjarna og könnunarholu að sannarlega var þarna um að ræða skálabyggingu sem er í miðju fyrirhugaðs vegstæðis. Vegagerðin taldi ekki möguleika á tilfærslu veglínu á þessum stað og því varð að rannsaka þær minjar sem eru í fyrirhuguðu vegstæði yfir Grónes.

Tilgangur rannsókna er því að rannsaka allar þær minjar sem eru innan áhrifasvæðis vegar að kröfu Minjastofnunar. Rannsóknarsvæðið sjálft er staðsett neðan við Grónes túnið við fjöruna.

Á túninu á Grónesi eru mikið af minjum og má rekja fjölda þeirra til þess að túnið hefur aldrei verið vélunnið. Sumar minjarnar á túninu virðast mjög fornar. Túnið stendur á malarbakka og neðan við túnið er brekka og svo önnur slétta sem í dag er þakin berjalyngi niður að fjöruborði. Þar fundust rústir skálans en á túninu sjálfu sem er töluvert hærra í landinu eru yngri minjar sem og töluvert að miðalda minjum. Rannsóknarsvæðið sem um ræðir í þessari umsókn er svæðið neðan við túnið, milli fjöru og brekkurnar sem liggur að túninu.



Mynd 2. Á þessari mynd sést veglínan þar sem hún liggur yfir slétta svæðið neðan túnsins á Grónesi. Staðfestar minjar eru bláar, óstaðfestar en mjög líklegar eru grænar og tilgátur eru appelsínugular. Mynd Gunnar Grímsson.

3.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Rannsóknin er unnin fyrir Vegagerðina og er hluti af rannsókn sem unnin vegna lagningu nýs Vestfjarðarveggar 60 milli Bjarkarlundar og Skálaness. Vegagerðin fjármagnar rannsóknina.

3.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2022

Við rannsóknina sumarið 2022 störfuðu alls sex fornleifafræðingar. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og uppgrafterstjóri var Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir frá 25. maí og lauk þann 12. Júlí, og svo aftur 24-26. október. Veður var að mestu gott og þurr á meðan rannsókninni stóð. Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir sá um skýrslugerð og tölvuteikningar.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina sumarið 2021:

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Stjórnandi og leyfishafi.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Uppgrafterstjóri. MSc.

Jonathan Buttery. Fornleifafræðingur. MA.

Kate Fitzpatrick. Fornleifafræðingur. MA.

Atli Rúnarsson. Fornleifafræðingur. BA.

Guðrún Jóna Þráinsdóttir. Fornleifafræðingur. BA.

3.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina er notuð single context aðferðafræði þar sem hver eining er grafinn upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir sem og bresku fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.

Gripir verða skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir voru varðveittir og staðsetning flestra merkt inn á teikningar. Öll bein og allir gripir voru varðveitt og öll jarðlög voru þurr sigtuð utan yfirborðslaga. Möskvar sigtis voru 4 mm.

Notast var við DJI Air 2 S dróna í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/10 fyrir sniðteikningar og 1/20 fyrir flatarteikningar. Hæðir teknar með venjulegum hæðamæli. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 5 uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS M50 mark 2 og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma og spjaldtölvu.

Gólfið var fjarlægt árið 2021 í því magni sem Minjastofnun fór fram á og var um 90% af gólfinu var tekið í sýni. Greiningar verða gerðar á plöntu og skordýraleifum og sýni verða tekin til kolefnagreiningar.

Allt vegstæðið verður kannað og var grafa fengin haustið 2021 til að fjarlægja yfirborðið innan vegstæðis til að ganga úr skugga um hvort fleiri byggingar leynist undir sverði eins og ekki er ólíklegt að finnist í umhverfi skála. Grafa var svo fengin aftur sumarið 2022 til að fjarlægja meira af yfirborðslagi á svæði austan við skálann þar sem enn var mikið eftir af yfirborðslagi eftir, við það kom fjósið í ljós en vísbendingar um minjar á þessum stað höfðu birts haustið áður.

3.6 Stærð og umfang uppgrftar

Lengd þess svæðis sem opnað var yfir skálanum er 20. m á lengd og 10 m á breidd. Svæðið allt sem opnað var er 200 m². Áætla má að það rúmmál sem búið er að grafa sé um 60 rúmmetrar. Yfir afhýsinu var opnað 10 x 5 m svæði sem var um 50 m² og má áætla að um 20 rúmmetrar hafi verið grafnir.

Grafa var fengin til að opna svæði til austurs við skálann þar sem yfirborðslagið var fjarlægt. Alls var það svæði 110 m á lengd, 37 m á breidd og mest um 40 cm á dýpt sem samsvarar um 1628 m³.

Innan svæðis voru grafnir sjö prufuskurðir til að kanna umfang skálabyggingar, utanálíggjandi frárennslisskurðar og jarðlaga þar við og garðlaga utan við skálann.

Prufuskurður 1 var grafinn sumarið 2021 í gegnum austur vegg til að kanna umfang veggjar. Skurðurinn var 1 x 2 m á stærð og sneri í austur-vestur. Skurðurinn var svo lengdur í 1 x 3 m sumarið 2022. Prufuskurður 2. var einnig grafinn sumarið 2021 í

gegnum vestur vegg á milli afhýsi og skála til að kanna umfang veggjar. Skurðurinn var 1 x 2 m á stærð og sneri í austur-vestur.

Prufuskurður 3. var grafinn inn í miðjan norðaustur vegg skálans að utan. Skurðurinn var 1 x 0,5 m á lengd og sneri í suðvestur og norðaustur. Prufuskurður 4 var grafinn inn í miðjan norður vegg skálans að utan. Skurðurinn var 1 x 2 m á lengd og sneri í norður-suður. Prufuskurður 5 var grafinn inn í miðjan norðvestur vegg skálans að utan. Skurðurinn var 1 x 0,5 m á lengd og sneri í suðaustur og norðvestur. Prufuskurður 6 var grafinn í gegnum suðaustur vegg rétt sunnan inngangs. Skurðurinn var 1,5 x 1,8 m á stærð. Prufuskurður 7 var staðsettur í norðaustur horni uppgraftarsvæðis í gegnum garðlag [007] og var 0,8 x 2 m á stærð og sneri í norður-suður.

Tveir prufuskurður voru grafnir utan svæðis og voru það Prufuskurður 8 sem var staðsettur utan svæðis við suðaustur horni. Skurðurinn var 1 x 2 m á stærð og sneri í norður-suður. Prufuskurður 9 var staðsettur ofan við uppgraftarsvæðið í um 21 m norðaustan við skálann. Skurðurinn var 1 x 4 m á stærð og sneri í norður-suður.

4. Björgunarrannsóknin á Grónesi sumarið 2021

Hér fyrir neðan er samantekt á uppgreftinum sumarið 2021. Þar koma fram upplýsingar um þær einingar (context) sem voru skráðar það sumar. Ítarlegar lýsingar um þær einingar eru að finna í skránni aftast í skýrslunni og í áfangaskýrslu fyrir sumarið 2021 (Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2022).

4.1 Skálinn á Grónesi

Við rannsóknina sumarið 2021 var opnað 15 x 20 m svæði yfir skálanum og afhýsinu. Í ljós kom að skálinn var um 18 m á lengd og 8 m á breidd. Vestan við, og samtengt, skálanum er afhýsi sem var um 5 x 5 m að stærð og var sami veggur notaður fyrir báðar byggingarnar. Skálinn var byggður í halla og sneri í norður- suður. Skálinn var rétt undir yfirborði [001] og var vaxið yfir honum mjög þykkt og rótamikið bláberja- og krækiberjalyng, fjalldrapi og gróður.



Mynd 3. Skálinn var rétt undir yfirborði og var vaxið yfir honum mjög þykkt og rótamikið bláberja- og krækiberjalyng og gróður. Hér er horft upp skálann frá suðri fyrir uppgröft.

Undir yfirborðinu komu veggir skálans í ljós. Veggirnir voru byggðir úr strengjatorfi **[003]** með steinum neðst **[006]**. Torfið í veggjunum **[003]** var þétt skellótt brúnt, grábrúnt og ljósgult strengjatorf. Austan megin í skálanum voru veggirnir meira gulbrúnir og vestan megin voru þeir meira brúnir. Ekki var beint vitað hvar veggur í suður enda liggur en þar er svæðið heldur illgreinanlegt. Þar er jarðvegurinn er mikið raskaður vegna kindastíga og mikið er um þúfur þar sem náttúrulegur jarðvegur hefur náð að komast í gegnum gólflög og vegg. Í norðri endu voru veggirnir heillegir.



Mynd 4. Veggir skálans að koma í ljós undan rótarmiklu yfirborðslagi [001].

Stórir steinar [006] voru á víð og dreif í veggjum skálans. Margir steinar eru á sínum náttúrulega stað þ.e. hluti af klettabelti (*e. bedrock*) en aðrir hafa verið lagðir sem grunnur veggja. Steinarnir eru allir af sömu gerð og eru milli stórir til stórir að stærð. Utan við veggi skálans var hrun [004] og lá það yfir steinum [006].

Innan skála var hrun úr vegg og þaki [011]. Ekki var hægt að greina á milli þakhruns og hrúni úr veggjum. Lag þetta var það sama og hrun utan skála [004] og voru þau beint undir yfirborðslagi [001], gólfslagi [010] og langeld [013].



Mynd 5. Við miðju uppgrftarsumarið 2021 þegar búið var að fjarlægja yfirborðið og komið niður á hrún [004 og 011] og veggj [003 og 006].

Bekkur **[012]** austan megin í skálanum lá beint undir, og blandað, hrúni úr veggjum. Undir torfinu í norðaustur enda var þétt lag af mól **[020]** sem hefur líklega verið hluti af uppbyggingu bekkjar. Líklegast er þetta blandað torf og jarðvegur eftir að viðarbekkir voru teknir út.

Austan megin í skála undir bekkjarlagi **[012]** var undirbekkjarlag **[025]**. Mögulega hefur verið viður í bekkjunum og hefur þetta lag safnast saman undir viðnum. Lagið var líkt gólflagi en ekki eins svart og feitt. Í laginu var mikið af kolaflögum og brenndum beinum.

Tvær líklegar pinnaholur **[027]** voru skornar í austur undirbekkjarlag **[025]** við mörk gólfs og bekkjar og hafa verið grafnar niður í náttúrulegan jarðveg. Holurnar virtust vera lóðréttar niður og fylltar með mól.

Við vestur bekk var lína af steinum [034] sem afmarkaði bekkinn. Steinar voru upp á rönd og voru á mörkun bekkjar og gólfs. Mögulegar stoðarholur voru staðsettar við steinana. Bekkur [038] í vestur enda skálans hafa verið hrun blandað jarðvegi eftir að viðarbekkir voru teknir í burtu. Þar beint undir var



Mynd 6. Lína af steinum sést hér hægra megin á myndinni. Steinar þessir eru staðsettir á mörkum gólfs og bekkjar í norðvestan langelds.

undirbekkjarlag vestan megin [024]. Lag þetta er sama og var að sjá í austurhlið skálans þar sem þetta lag hefur safnast saman undan viðarbekkjum.


Þrjár líklegar pinnaholur [026] voru skornar í vestur undirbekkjalag [024] á vesturhlið. Pinnaholurnar voru um 8 cm í þvermál og dýpt þeirra óþekkt þar sem þær hafa verið grafnar niður í náttúrulegan jarðveg. Holurnar voru lóðréttar niður og fylltar með mól.

Gólflag [010] var beint undir hrúni í miðju skála. Eftir fjarlægingu á golfi [010] og undirbekkjalagi [024] í vestur enda kom í ljós mögulegt torflag [033].



Mynd 7. Svart gólflag [010] er hér fyrir miðju skála og sitthvoru megin við gólflagið er undirbekkjarlag [026 og 027].

Í norður enda skála þar sem stórir steinar [040] og líklegt eldstæði [029] var staðsett var svæði þar sem líklega hefur verið einhverskonar upphækkun eða trappa á gólfi. Við miðju þessarar upphækkunar var merki um að þar hafi verið skilveggur, þar sem engar leifar af gólfi voru sjáanlegar en beggja vegna við var gólflag með kolaflögum og brenndum beinum. Þar hefur líklega verið skorin renna eða skurður fyrir skilvegg [036] sem virtist liggja frá undan stóra steininum við endann og til suðurs í þar sem líkleg stoðarhola [014] er. Skurðurinn á rennunni kom í ljós við fjarlægingu á gólf lagi [010] þar sem hann var skorinn í gegnum gólfið og niður í náttúrulegan jarðveg.



Mynd 8. Hér sést þar sem rennan eða skurður fyrir skilrúm [036] hefur verið staðsett við mögulega stoðarholu [014] og stóra steina við norður vegg.

Sumarið 2021 komu einungis tvær stoðarholur [014 og 016] í ljós undir gólfi. Stoðarholur þessar voru staðsettar sitthvoru megin til norðurs og suðurs við langeldinn. Stoðarhola [014] var staðsett í norður enda skálans. Þar voru stærri steinar efst og var svart gólflag var undir efsta lagi af steinum. Undir gólflagi og steinum efst



Mynd 9. Stoðarhola [014] staðsett norðan við langeld fyrir miðju. Stoðarholan sést hér rétt ofan við mælistikuna.

var önnur röð af steinum sem hefur ekki verið rannsökuð. Mögulega voru þarna efst steinar í kringum stoðina og að stoðarholan liggur þar undir. Stoðarhola [014] er í beinni línu við stoðarholu [016] sem er staðsett í suður enda skálans og hefur fyllingu og pökkunarsteina [017] sem hefur ekki verið rannsökuð.



Mynd 10. Stoðarhola [016] sunnan við langeld fyrir miðju.

Undir hruni á miðju gólfi var langeldurinn [039] sem var 3 m langur og 0,5 m breiður. Langeldurinn hefur verið grafinn niður þar sem grá öskumöl virðist vera undir

steinahellum [035]. Hellurnar voru flatar og mikið eldsprungnar. Þar ofan á var fylling eldstæðis [013]. Nemar frá Bradford Háskóla tóku sýni til greiningar til að reyna aldursgreina skálann með því að mæla segulmagn í brenndum leifum úr eldstæði. Niðurstað þeirra var að klöppin undir var of segulmögnuð og ruglaði sýnin.



Mynd 11. Langeldur [013] er hér fyrir miðju. Þar eru þúfurnar sjáanlegar í kring.

Upp við norðurvegg eru tveir mjög stórir steinar [040] sem líklegast hafa tengst eldstæði [029] og steinahrúgu [032] sem var þar upp við og á milli steinanna tveggja. Vestari og stærri steinninn hefur fallið inn og yfir hluta eldstæðisins [029] og fyllingu þess [028].

Á milli tveggja stóru steinanna [040] og yfir bekkjarlagi [020] var steinahrúga [032] sem samanstóð af mikið af milli stórum steinum sem hafa hrunið inn í skálann. Steinar þessir hafa líklega verið hlaðnir á milli stóru steinana til að þjóna hlutverki við eldstæðið. Þó voru steinarnir ekki eldsprungnir né sótaðir og því ekki hægt að setja þá nálægt bruna eldstæðis. Inn á milli steinanna í steinahrúgunni var blandað torf og silt fylling [042].



Mynd 12. Stórir steinar [040] í norður enda skálans með steinahrúgu [032] á milli.

Við fjarlægingu á steinahrúgu [032] og lagi á milli steina [040] kom í ljós eldstæði [029] og öskulag [028]. Eldstæðið er staðsett í norðvestur horni skálans alveg upp við vegg. Þar eru steinar, mismunandi að stærð, í hálfhring sem mynda eldstæðið. Fylling eldstæðis var öskulag [028]. Við norður enda eldstæðis er líklegt loftgat [030] út frá eldstæði með fyllingu [031].



Mynd 13. Eldstæði [029] og öskulag [028] undir stórum steinum [040] og steinahrúgu [032] í norðaustur horni.

Sunnarlega á austurvegg var inngangur sem var lagður steinahellum [019]. Steinhellurnar voru mismunandi að stærð og þykkt og höfðu sumar þeirra færst til og voru upp á rönd vegna þúfna. Svo virðist sem þessar steinahellur héldu áfram inn í mögulegt anddyri sem hefur náð niður til suðurs. Rétt yfir steinahellunum og á milli þeirra var svart lag [018].



Mynd 14. Inngangur skálans eftir fjarlægingu yfirborðs, þar sjást stórar steinahellur [019] sem hafa verið lagðar.

Líklega hefur þarna verið kolasmítað lag sem hefur skolast yfir innganginn því undir þessu lagi var svart lag [021]. Mögulega er þetta traðkað lag þegar gegnið var inn og út úr skála þar sem mikið var um kolaflögur, ösku og brennd bein

Undir og líklega blandað við svart lag [021] er fylling [023] í mögulegri rennu [022] með fyllingu [023]. Þessi mögulega renna er staðsett sunnan við innganginn og liggur upp við og meðfram vegg niður til suðurs. Ekki er víst um hvort þarna sé renna eða að þar sé náttúruleg upplyfting á jarðvegi sem myndar einhverskonar rennu með veggnum á mótí.



Mynd 15. Möguleg renna [022] fyrir uppgröft. Rennan liggur upp við vegg skálans frá inngangi og til suðurs.



Mynd 16. Steinahellur í inngangi skálans er hér fyrir miðju og frá honum til vinstri er möguleg renna [022] sem virðist markast af steinum í vegg. Búið að fjarlægja hrun yfir inngagni og fyllingu í mögulegri rennu.

Sunnan við inngang skálans kom í ljós undan yfirborði mögulegt traðkað lag **[005]** af kolaríku lagi frá inngangi.

Yfir suður vegg skálans er svart kolasmitað lag **[009]**. Lagið líkist mjög gólflagi og hefur því verið túlkað sem gólflag sem skolast hefur niður brekkuna og yfir vegginn. Lagið var lausara í sér og ekki eins feitt og gólfið innan skála. Mikið er um þúfur á þessu svæði og hefur náttúrlig mól komist upp á milli og því erfitt að sjá hvar lagið byrjar og endar.



Mynd 17. Kolasmitað lag [005] með brenndum beinum í suðaustur horni uppgraftarsvæðis.



Mynd 18. Hér sést svart kolasmitað lag [009] ofan á þar sem líklegur suður veggur er staðsettur.

Við norður hlið skálans og líklega samtengt norður vegg skálans er garðlag **[007]**. Garðlagið liggur í austur vestur og er alls um 45 m langt. Sunnan garðlags var torfhrun **[008]** frá garðlaginu.



Mynd 19. Hér sést garðlagið í norðaustur horni uppgraftarsvæðis.

Skálinn virðist hafa verið byggður beint ofan á náttúrulegu yfirborði [002]. Jarðvegurinn hefur komið upp í gegnum jarðlög á sumum stöðum þar sem þúfur hafa komið til vegna frosts. Þetta átti sér mest stað í suður enda svæðisins þar sem vatn safnaðist saman og þúfur myndast vegna frostlyftingar og frostþenslu á gróinni jörð.

4.2 Afhýsi á Grónesi

Afhýsið er staðsett við vestur hlið skálans og er samtengt honum. Það er að sami veggur var notaður við austur hlið afhýsis og vestur hlið skálans. Afhýsið virðist samtíða skálanum. Yfirborðslag [200] yfir afhýsinu var það sama og lá yfir skálanum. Afhýsið lá rétt undir yfirborði sem var vaxið mjög þykku og rötamiklu bláberja- og krækiberjalyngi og gróðri.



Mynd 20. Afhýsið eftir fjarlægingu yfirborðslags [200], þar sést rétt glitta í líklegan ofn [206] og veggir byrjaðir að myndast.

Undir yfirborði [200] voru veggir afhýsisins sem voru úr torfi [202] og grjóti [204]. Veggurinn var um 60 cm breiður þar sem hann var breiðastur og um 0,20 m háir. Austur veggur afhýsis og vestur veggur skálans virðist vera sami veggurinn. Ekki var hægt að sjá á veggnum að þar hafi verið gerðar viðbætur og því líklegt að þarna sé einhverskonar afhýsi frekar en viðbygging.

Stórir steinar [204] voru í veggjum afhýsisins við suður, austur og vestur hlið og voru minni steinar við norður hliðina. Á sumum stöðum var röð af steinum sem virðist fylgja lagningu torfsins s.s. við suður og vestur hliðina en á austur og norður hlið virðast steinarnir vera á við og dreif. Margir þessara steina eru á sínum upprunalega stað, þ.e. að þeir eru hluti af klettabelti. Steinarnir eru allir af sömu gerð og eru milli stórir til stórir að stærð. Yfir veggjum var blandað torfhrun [203] bæði innan afhýsis og utan veggja.

Gólfíð í afhýsinu [205] nær upp að veggjum austan og sunnan megin en endar við mögulegt eldstæði [206] í norðvestur horni.

Við austur vegg undir hruni og í framhaldi af gólflagi var þunnt lag af blönduðu torfi með kolaflogum og brenndum beinum [211]. Undir gólflagi [205] og blönduðu kolasmituðu lagi [211] var náttúruleg mól.




Mynd 21. Komið niður á gólflag í afhýsinu.

Í norðvestur horni afhýsis var steinahrúga sem hefur verið túlkað sem eldstæði eða ofn [206]. Í eldstæðinu var mikið um misstóra steina [207] og fylling þar inn á milli [208]. Steinar í eldstæðinu virðast ekki vera eldsprungnir eða sótaðir.



Mynd 22. Mögulegt eldstæði eða ofn [206] í afhýsi. Ekki er búið að rannsaka þessa steinahrúgu að fullu og munu frekari rannsóknir skýra hvert hlutverk þess er. Austan við eldstæðið er stoðarhola [209] og er hún sjáanleg hér efst á myndinni fyrir miðju.

Þrjár líklegar stoðarholur [209, 210 og 212] voru þar sem steinahrúgur voru sjáanlegar í gólfi [205]. Möguleg stoðarhola [209] er staðsett rétt vestan við eldstæði [206] upp við vestur vegg fyrir miðju. Þar var hrúga af steinum sem virðast mynda einhverskonar hring. Möguleg stoðarhola [210] er staðsett í norðaustur horni afhýsis upp við vegg. Steinar virðast sitja ofan á og í gólflagi en undir þeim virðist vera þunnt lag af torfi. Mögulega er þarna samansafn af steinum eða hrun úr vegg. Möguleg stoðarhola [212] var staðsett við austur vegg rétt norðan við lag [211] þar sem stór hrúga af steinum er staðsett í vegg á milli afhýsis og skála.



Mynd 23. Stoðarhola [209] eftir fjarlægingu steina og gólflags.

Enginn greinilegur inngangur var sjáanlegur en líklegt er að gengið var inn í húsið ofan veggja, en algengt er að afhýsi eru grafin niður og er gengið ofan í þau. Hér hefur afhýsið ekki verið grafið niður og er því líklegt að það hafi verið vegna erfiðleika þar sem á þessu svæði er mikið um mól og klettabelti.

Afhýsið var byggt ofan á náttúrulegum jarðvegi [201]. Náttúrulegi jarðvegurinn viðist hafa komið upp í gegnum jarðlög á sumum stöðum þar sem þúfur eru staðsettar vegna hitabreytinga. Hefur þetta mest átt sér stað við suður enda jarðhýsis þar sem mest er um þessar þúfur. Ekki er enn búið að finna gamalt yfirborðslag eða traðkað lag utan við jarðhýsið þar sem ekki er búið að grafa allt fram utan veggja þess.

5. Björgunarrannsóknin á Grónesi sumarið 2022

5.3 Skálinn á Grónesi


Utan við skálann í um 8 m til austurs frá inngangi var soðhola [042]. Soðholan fannst sumarið 2021 þegar grafa var fengin til að fjarlægja yfirborðslagið, en enginn tími gafst til að rannsaka holuna frekar. Um $\frac{3}{4}$ af fyllingunni hafði verið fjarlæggt með gröfunni árið áður en þó tókst að grafa snið á holunni til að sjá uppbyggingu soðholunnar. Soðholan er hringlaga í plani, með brattar hliðar og flatan botn. Soðholan var skorðuð á milli tveggja stórra steina og var 1,7 m á



Mynd 24. Soðhola [042]. Þar er hægt að sjá steina og kol sem klæða botninn. Myndin er tekin í suður. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.


lengd, 1,5 m á breidd og um 48 cm á dýpt. Soðholan hafði þrjár fyllingar, efri fyllingu [043], miðju fylling [044] og botn fylling [045].

Efri fyllingin [043] í soðholu [042] var þéttur dökk brúnn blandaður sandur, mül og torf sem innihélt mikið af kolafögum og smáum sótuðum steinum. Fyllingin svipaði mikið til yfirborðslagsins í lit og áferð en innihélt mikið af kolafögum. Fyllingin fyllti út í enda soðholunnar og var 9 cm á þykkt. Miðju fyllingin var 18 cm þykkur þéttur svarbrúnn sandur og mül sem molnaði auðveldlega og var mikið blandað kolum og silt. Fyllingin innihélt mjög mikið af eldsprungnum og sótuðum steinum þar sem silt og kolamolar voru að finna þar á milli þeirra. Eldsprungnu og sótuðu steinarnir klæða miðju holunnar og hafa þeir verið lagðir ofan á fyllinguna sem er í botni holunnar. Neðsta fylling soðholunnar [045] var 18 cm þykk þétt og svart blandað kol og mül sem molnaði auðveldlega og innihélt stóra og mikla kolamola. Eitt sýni var tekið til aldursgreiningar (S#32) úr þessari fyllingu.



Mynd 25. Snið mynd og sniðteikning af soðholu [042] utan við skálann til austurs. Ljósmynd: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Fast upp við austur vegg utan skála í um 3,5 m sunnan við garðlag [007] var steinahola [046] sem var 40 cm í þvermál og 30 cm á dýpt. Holan var hringlaga í fleti með bratta hlið vestan megin, aflíðandi hlið austan megin og flatan botn. Líklega hefur tunnu verið komið þarna fyrir. Holan hafði þrjár fyllingar [047], [049] og [050], og var klædd að innan með steinum [096]. Steinarnir voru misstórir og voru stærri steinar út við endana. Veggur [003] liggur upp að holunni. Efri fyllingin [047] var 40 cm í þvermál, um 10 cm á þykkt og var að mestu milli stórir steinar með silt og mól inn á milli. Miðju fyllingin [049] var 40 cm á lengd, 35 cm á breidd og 5 cm þykkt. Fyllingin var þétt grábrún silt sem innihélt nokkuð af kolafögum. Neðri fyllingin [050] var 40 cm á lengd, 30 cm á breidd og 10 cm á þykkt. Fyllingin var laus grábrún mól með smá kolafögum og brenndum beinum.



Mynd 26. Hola [046] staðsett fast austan við vegg skálans. Til hægri er sniðmynd og sniðteikning sem snýr í norður. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.


Frárennslisskurður lá umhverfis skálann við norður endann, þaðan niður til suðurs bæði austan og vestan megin við skálann. Númerum var gefið fyrir frárennslisskurðinn í hverju sniði fyrir sig en eitt hópnúmer **[148]** var gefið á frárennslisskurðinn í heild sinni. Undir hópnúmeri **[148]** voru sex númerum gefið á skurði frárennslisskurðarins og sex númer á fyllingar þess. Í sumar voru grafnir þrjár prufuskurðir (3, 4 og 5) utan við og inn í vegg skálans til að kanna umfang og legu á frárennslisskurðum **[053]**, **[055]** og **[090]**. Prufuskurður 1 var lengdur til austurs til að fá frárennslisskurðinn **[087]** fram í sniði. Þar að auki voru tvö snið grafin í frárennslisskurðinn sjálfan, einn við innganginn **[022]** og annar vestan við afhýsi **[051]**.



Mynd 27. Myndin sýnir staðsetningu prufuskurða innan uppgriftarsvæðis. Prufuskurðirnir eru merktir með viðeigandi númerum. Upp er í vestur. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.


Við innganginn var snið tekið í frárennisskurðinn sem hafði fundist árið 2021 en ekki náð að rannsaka. Þar var skurður rennunnar [022] línulaga með steinum efst, bratta hlið vestan megin upp við vegginn, aflíðandi austan megin og með rúnaðan botn. Svæðið þar sem skurðurinn var staðsettur er blautt og heldur vatni vel. Fyllingin [023] var mjúk svargrá blaut silt sem innihélt mikið af brenndum beinum og kolaflogum. Rennan lá í norður suður og var 2 m+ á lengd, 36 cm á breidd og 14 cm á dýpt.

Vestan við afhýsið var snið tekið í frárennisskurð [148]. Skurðurinn [051] var línulaga með brattar hliðar og U-laga botn. Á þessum stað var frárennisskurðurinn um 37 cm á breidd og 10 cm á dýpt. Fylling rennunnar var mjúk dökkbrún sendin silt með gráum blæ.




Mynd 28. Snið sem snýr í suðvestur á skurði [051] á rennu [148] staðsett vestan við afhýsið. Ljósmynd: Kate Fitzpatrick.

Í Prufuskurði 1 við austur vegg skálans að utan var frárennisskurður **[087]** sjáanlegur í sniði og var hann 77 cm á breidd og 20 cm á dýpt. Skurðurinn hafði aflíðandi hliðar og U-laga botn. Fyllingin **[088]** var þétt gulbrúnt torf og silt með smá möl. Mögulega hefur veggjahrun fyllt skurðinn að mestu.



Mynd 29. Sniðmynd og sniðteikning sem snýr í norður á Prufuskurði 1. Þar sést skurður **[087]** frárennisskurðar **[148]** greinilega. Ljósmynd: Jonathan Buttery.

Í Prufuskurði 3 í norðaustur vegg utan við skálann var frárennisskurður **[090]**. Skurðurinn var 67 cm á breidd og 25 cm á dýpt með aflíðandi hliðar og U-laga botni. Fylling skurðarins **[091]** var ljósbrúnt grátt torf sem hélt vatni mjög vel.



Í Prufuskurði 4 við norður enda skálans að utan var skurður rennunnar **[055]** sjáanlegur í sniði og var 1.55 m á breidd og 49 cm á þykkt. Hliðar skurðarins voru óreglulegar með U-laga botni. Fyllingin **[056]** var þétt ljós grábrúnt silt og torf með lítið af möl. Veggur **[007]** var reistur beint ofan á og fyllt skurðinn að hluta til.


Mynd 30. Sniðmynd og sniðteikning sem snýr í norður á Prufuskurði 3. Þar sést skurður **[090]** frárennisskurðar **[148]** greinilega. Ljósmynd: Jonathan Buttery.

svart lag [071]. Lagið nær frá inngangi, niður til suðurs og var þar yfir allri suður hlið uppgriftarsvæðis og stoppar svo við afhýsið. Lagið var mjög þéttur, dökkgrár og svartur siltaður sandur sem innihélt mikið af kolaflögum, brenndum beinum og ösku. Lagið var um 10 m á lengd, 5 m+ á breidd og um 5 cm á þykkt. Líklega var þarna leifar af ruslalagi þar sem mikið magn af kolum, ösku, brenndum beinum og jaspis var í laginu. Líklega er þetta lag það sama og lag [005] sem var að finna í suðaustur horni. Bæði þessi lög voru sjáanleg í sniði á Prufuskurði 6 sem var staðsettur í gegnum suðaustur vegg, rétt sunnan við inngagn.



Mynd 34. Hér sést lag [071] utan við vegg skálans sunnan til á uppgriftarsvæðinu. Þar sést greinilega hvernig lagið leggst upp að veggnum. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

Prufuskurður 7 var staðsettur í norðaustur horni uppgriftarsvæðis til að kanna hvort að frárennslisskurðurinn héldi einnig áfram til austurs. Ljóst var að sjá í sniði að þar væri engin frárennslisskurður, einungis veggur [007] sem var reistur beint ofan á náttúrulegum jarðvegi. Þar var einnig að sjá undirstöðu veggjarins og að þar hafi líklega verið röð af steinum [089] verið komið fyrir neðst. Steinarnir voru um þar bil um 30 cm á breidd hvor um sig.




Mynd 35. Sniðmynd og snið teikning sem snýr í vestur á Prufuskurði 7. Þar er að sjá torfvegg [007] og mögulega steina í vegg [089]

Til þess að fá hugmynd um umfang og stærð kolaríks lags [005] í suður enda var grafinn Prufuskurður 8 og var hann staðsettur í suðaustur horni í beinu framhaldi af uppgraftarsvæðinu. Í skurðinum var lag [005] sjáanlegt í öllum skurðinum beint ofan á náttúrulegum jarðvegi.

Um 21 m norðaustan við skálann upp á hæð við jaðar túnsins frá yngri bæjarhólnum á Grónesi var grafinn prufuskurður í líklegt garðlag [098] sem liggur í austur vestur. Prufuskurðurinn var 4 x 1 m á stærð og sneri í norður-suður þvert yfir þar sem garðlagið er staðsett. Efst var yfirborðslag [145] sem var um 20 cm þykkt, þétt dökkgrábrúnt silt með mikið af rótum og steinum.

Mikið af bláberja- og krækiberjalyngi. Þar beint undir var vindborið efni blandað hruni [146]. Lagið var skellótt millibrúnt blandað silt, sandur og torf sem innihélt smáa steina. Lagið lá yfir torfveggnum og var erfitt að greina á milli þeirra. Garðlagið [098] var mikið sokkið niður í náttúrulegan mjúkan jarðveg. Veggurinn sjálfur var þétt ljósbrúnt og dökkbrúnt skellótt strengjatorf sem var um 1



Mynd 36. Snið sem snýr í vestur á Prufuskurði 9.

m+ á lengd, 1,26 m á breidd og um 27 cm á þykkt. Náttúrulegi jarðvegurinn [147] var brún laus mól og sandur með rauðum blæ sem innihélt smáa steina.

Gólflag [010] var mjög þunnt nyrst í skálanum á svæði þar sem upphækkun eða trappa var staðsett í um 1 m norðan við langeld. Sumarið 2021, alveg upp við vegg, fannst líklegt öskulag [028] og eldstæði [029] og var ákveðið að geyma það til næsta sumars þegar búið væri að fjarlægja stóra steina [040] sem lá yfir laginu. Áður var talið að þarna væri líklegt eldstæði þar sem mikil aska, kol og brennd bein voru í kring. Við frekari athuganir og eftir fjarlægingu á steininum „eldstæðisins“ kom í ljós að lag [028] væri í raun gólflag en ekki eldstæði. Var því ákveðið að taka út númer [029]. Gólflag [028] var skellótt ljós grá, svört og hvít aska sem innihélt silt og mikið af kolaflogum og kolamolum. Lagið náði frá austur vegg að vestur vegg, um 2 m á breidd og 5 cm á þykkt. Þar að auki var talið vera loftgat [030] og fylling í loftgati [031] en við uppgröft kom í ljós að þar væri einungis smit frá gólfi og þau númer tekin út.



Mynd 37. Norður endi skálans áður en stórir steinar [040] voru fjarlægðir. Þar sést þunnt gólflag fyrir miðju á mynd. Myndin er tekin í vestur. Ljósmynd: Kristín Sylvia Ragnarsdóttir.

Undir gólflagi [010] og [028] frá norður vegg skála var mjög þétt milli brún fín mól og blandað torf [048] með rauðum blæ, sem innihélt kolaflögur og smá brennd bein. Malarlagið var um 3 m á lengd, 3 m á breidd og 10 cm þykkt. Lagið lá yfir torflagi [060] sem var staðsett á mörkum við upphækkunina þar sem mikið af klöpp var staðsett en náði ekki upp að norður vegg. Torflagið var þétt skellótt ljósbrúnt, rautt, dökkbrúnt og svart torf með malarskellum og smáum kolaflögum. Lagið var 6 m á lengd, 3,5 m á breidd og 10 cm þykkt. Mögulega er þetta lag það sama og lag [033] sem var undir bekk í norðan til við vestur hliðina. Renna [036] var skorin í gegnum þetta lag ásamt stoðarholum [058], [061] og [064]. Líklega hafa torflag og malarlag [048] verið komið þarna fyrir ofan á náttúrulegu berginu til að slétta út svæðið.



Mynd 38. Norður endi skála á svæði þar sem upphækkun er. Efsta mynd: Mynd tekin sumarið 2021 þar sem sést hvernig gólflag nær upp og undir stóran stein [040] og steinahrúgu [032]. Efri miðju mynd: Svæðið eftir fjarlægingu á gólfi upp að steinum. Þar sést í malarlag [048] og torflag [060] koma í ljós fyrir miðju og neðst á myndinni. Neðri miðju mynd: Búið að fjarlægja stein [040] þar sést öskugólflag fara undir. Neðsta mynd :Eftir fjarlægingu á hrúni sem var undir stóra steinuni, þar sést hvernig öskugólflag [028] fer upp að veggnum og ekkert eldstæði þar til staðar. Neðan við mælistikuna er malarlag [048] og neðst til hægri er torflag [060].

Austan við vestur bekk og rétt norðaustan við langeldinn á milli tveggja steina þar sem renna [036] endar var lítil skella [099]. Í fyrstu var talið að þarna væri lítil stoðarhola sem var skorin í torflag [060] en við frekari athugun sást að skellan lá ofan á torflaginu. Skellan var þétt beislitað silt og móaska, sem innihélt brennd bein og kolaflögur. Skellan var um 20 cm í þvermál og um 1 cm á þykkt.




Mynd 39. Skella [099]. Til vinstri er skellan fyrir uppgröft og til hægri er skellan eftir að snið var tekið.

Undir gólflagi [010] norðan við langeld var mjög svart og mikið kolasmituð skella [063]. Í fyrstu var talið að þarna væri stoðarhola þar sem við jaðar holunnar virtust vera pökkunarsteinar. Við uppgröft á sniði í gegnum skelluna kom í ljós að þarna væri ekki stoðarhola þar sem engin skurður var sjáanlegur. Þarna var einungis svartur siltaður kolasmítaður sandur sem molnaði auðveldlega. Líklegast var þarna leifar gólfs sem hefur sokkið niður í litla dæld. Skellan var 30 cm á lengd, 23 cm á breidd og 2 cm á þykkt.



Mynd 40. Kolarík skella [063] staðsett norðan við langeld [039]. Snið snýr í austur.

Upp við austur vegg og undir bekkjarlagi [025] var torfkennt malarlag [092]. Lagið var líkt náttúrulegum jarðvegi og er líklegt að



Mynd 41. Efri myndin var tekin sumarið 2021 og er af Prufuskurði 1 þar sem sniðið snýr í norður. Ljósmynd: Jonathan Buttery. Neðri mynd er teikning af sniði eftir að Prufuskurðurinn var lengdur. Til til hægri á teikningunni og myndinni er hægt að sjá lag [092].

Þetta lag var sett þarna til að jafna undirlag innan skálans. Lagið fannst við uppgröft á prufuskurði 1 þegar hann var lengdur. Lagið var þétt, brúnt torf sem innihélt meðal mikið af mól og náði upp að austur vegg. Lagið var um 4 m á lengd, 2 m á breidd og um 7 cm á þykkt.

Í suður enda skálans, sunnan við inngang, var torflag **[097]**. Lagið liggur yfir öllum suður enda skálans og náði upp að suður vegg. Mögulega var þarna uppfyllingarlag yfir klöppinni líkt og torflag **[060]** sem var að finna í norður enda skálans. Lagið var þétt en molnaði auðveldlega, skellótt brúnt og svart siltað torf sem innihélt nokkuð af kolaflögum og fá brennd bein.

Undir hrúni í miðju gólfi var langeldurinn sem hafði steina lagða upp á rönd umhverfis langeldinn. Langeldurinn var grafinn niður og var skurður langeldsins **[039]** 1,95 m á lengd, 80 cm á breidd og 27 cm djúpur. Norður hlið skurðarins var brött en suður hlið var óregluleg og erfitt var að greina skurðinn því mikil mól var þar og stór steinn í botni. Botn eldstæðis var heldur flatur og hallaði niður til suðurs.



Mynd 42. Langeldur [039] er neðar á myndinni eða til norðurs og brunahola [128] er ofar eða sunnan til. Myndin er tekin með dróna fyrir uppgröft og er upp í suður. Drónamvnd: Mararét Hrönn Hallmundsdóttir.

Langeldinum virðist hafa verið skipt í

tvennt, þar sem meiri hiti hefur verið norðan megin og minni hiti í suður enda langeldsins. Efst yfir langeldinum nyrst var fylling **[013]** þar sem namar úr Bradford Háskóla tóku sýni til aldursgreiningar. Því miður komu engar niðurstöður í ljós úr því sýni þar sem þau hafa rétt misst af staðsetningu þar sem mesti hiti langeldsins var staðsettur eða að klöppin undir var of segulmögnuð og ruglaði sýnin. Þar beint undir voru steinahellur **[035]** sem voru flatar og mikið eldsprungnar.

Í miðju langelds voru tvær malarfyllingar sem voru mismunandi í útliti og á lit. Fylling **[152]** var sunnan megin og fylling **[151]** var norðan megin. Malarfylling **[151]** var svarbrún silt og mól sem innihélt mikið af kolasmíti og smáum steinum. Fyllingin var 78 cm á lengd og 25 cm á þykkt. Fylling **[152]** var fín og hrein mól sem líkist hreinni

sjávarmöl þar sem lítið var af silti á milli malarinnar. Malarfyllingin var brún að lit með smá silti, en meira var um hreina og slétta möl sem innihélt kolasmít. Fyllingin var 32 cm á lengd og 13 cm á þykkt. Undir þessum malarlögum var brennd siltuð malarfylling [111]. Fyllingin var laus rauð möl og silt og var staðsett einungis sunnan megin í eldstæðinu.



Mynd 43. Langeldur við miðjan uppgröft. Þar sést í brunaholu [128] í suður enda til vinstri á myndinni, rauða möl [111] í miðju og mögulega pottastoð [115] í norður enda til hægri á myndinni. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.

Í suður enda langelds var hart og þétt brennt beislitað silt og leir [110] sem innihélt mikið af ösku. Fyllingin var 88 cm á lengd, 50 cm á breidd og 5 cm á þykkt. Þar beint undir var malarfylling [150]. Líklega var þarna náttúruleg möl sem hefur litast af laginu að ofan. Fyllingin var dökkbrún möl og silt sem innihélt smáa steina og smá kolasmít. Fyllingin var 72 cm á lengd og 12 cm á þykkt. Bæði fyllingar [110] og [150] voru skornar af brunaholu [128] til suðurs. Þar sem erfitt var að greina hvort þau hafi verið skorin af langeld [039] eða hvort þau hafi verið hluti af langeldsskurði.

Rétt sunnan og líklega hluti af eldstæði í skálanum var brunahola [128]. Holan líktist mjög soðholu þar sem mikið var um kol og eldsprungna steina. Holan sker langeldinn og var skurður holunnar hringlaga í plani, með brattar hliðar og nánast rúnaðan botn. Holan var um 1.10 m í þvermál og um 35 cm á dýpt. Holan innihélt fimm fyllingar [107], [108], [109], [129] og [149].



Mynd 44. Brunahola eða möguleg soðhola [128] fyrir miðju þar fyrir ofan til norðurs er langeldurinn. Myndin snýr í norður. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.

Efst var fylling [109] sem var þétt svört aska, kol og silt sem innihélt mikið kolasmít, kolamola og brennd bein. Fyllingin hefur verið 1,1 m í þvermál og 15 cm á þykkt. Þar beint undir var fylling [108] sem var um 35 cm í þvermál og 25 cm á þykkt. Fyllingin var laus svört og grá aska sem innihélt eldsprungna og sótaða steina [129]. Næst var malarfylling [149] sem var dökkbrún silt og mól sem innihélt mjög mikið af kolaflögum. Fyllingin var 1,1 m í þvermál og 20 cm á þykkt. Steinarnir klæða botn holunnar ásamt fyllingu í botni holunnar. Botnfylling [107] var dökkbrúnn og svartur siltaður leir sem innihélt mikið af kolaflögum, kolamolum, brenndum beinum og ösku skellum.

Skorið í gegn um fyllingar [109] og [149] var hola [105]. Ljóst er að hola hefur verið skorin einhverju seinna og er mögulegt að þarna hafi á einhverjum tímapunkti verið komið niður stoð eða girðingastaur. Holan hefur mjög beinar hliðar og er erfitt að greina botn þess þar sem skurður í botni holunnar blandast við miðju fyllingu [149] í holu [128]. Fylling í Holu [105] var laus ljósgrábrún mól og silt.

Í norður enda langelds fyrir miðju undir steinhellum [035] og skorið í mól [151] var skurður á mögulegri pottastoð [115]. Holan var hringlaga með næstum lóðréttar hliðar og rúnaðan botn. Holan var 17 cm á lengd, 15



Mynd 45. Kolarík botnfylling [107] og steinar [129] sem klæða botninn á brunaholu [128]. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.



Mynd 46. Hér sést hola [105] sem hefur verið skorin í fyllingar [109] og [149]. Sniðið snýr í austur. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.



Mynd 47. Snið sem snýr í suður á mögulegri pottastoð [115]. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.


cm á breidd og 14 cm á dýpt. Fyllingin [116] var mjög þétt svört silt og leir með hvítum og beislituðum skellum. Mögulega hefur þessi jarðvegur hitast og þannig bakast.

Rétt norðan til í inngagni innan skála upp við stóran stein var stoðarhola [093]. Stoðarholan var hringlaga í fleti með brattar hliðar og flatan botn. Mögulega tengist þessi stoðarhola burðargrind yfir innganginum. Fylling stoðarholunnar [094] var þétt en molnaði auðveldlega, dökkbrúnt torf og möl sem innihélt stóra og litla steina. Þvermál stoðarholunnar var 41 cm og var hún 7 cm djúp.

Þar beint á móti við suður enda inngangs í um 1 m suðvestan við stoðarholu [093] var stoðarhola [123]. Holan var staðsett á milli tveggja stórra steina og hefur þar líklega staðið stoð eða þil við innganginn. Stoðarholan hafði brattar hliðar, steinn var við suður enda þess og botninn var U-laga. Stoðarholan hafði tvær fyllingar [124] og [125] og var 35 cm á lengd, 32 cm á breidd og 17 cm djúp. Efri fyllingin [124] var mjúk, svört silt með þökkunarstein í botninum og kolaflögur. Fyllingin var staðsett í miðju holunnar þar sem stoðin hefur verið staðsett áður en hún var fjarlægð og hefur þá gólf og silt sokkið þar í holuna. Fyllingin var 10 cm í þvermál og 14 cm djúp. Neðri fyllingin [125] lá í kringum efri fyllinguna og var mjúk brúnt torfkennd silt með litið af kolaflögum og möl. Fyllingin var 35 cm í þvermál og 15 cm þykk.



Mynd 48. Snið sem snýr í suðvestur á stoðarholu [093]. Ljósmynd: Jonathan Buttery.




Mynd 49. Snið og sniðteikning sem snýr í suður á stoðarholu [123]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.


Í miðju skálans í suður enda, í um 1.5 m sunnan við brunaholu [128] var grunn stoðarhola [112]. Stoðarholan hafði aflíðandi og grunnar hliðar og flatan botn. Mögulega hefur hluti holunnar verið fjarlægður þegar gólfið var fjarlægt. Holan var staðsett beint á móti holu [079] sem var staðsett norðan við langeldinn í norður enda skálans. Líklega voru þarna miðju stoðir til að halda uppi þaki. Stoðarholan var 41 cm í þvermál og 6 cm á dýpt. Fylling holunnar [113] var mjúkur brúnn torfkenndur jarðvegur.

Um 1 m suðvestan við stoðarholu [112] og 1 m norðvestan við holu [102] var stoðarhola [100]. Stoðarholan var hringlaga í fleti og lá upp við stóran stein. Hliðar holunnar voru aflíðandi og botninn var flatur. Holan var 45 cm í þvermál og 14 cm á dýpt. Fylling stoðarholunnar [101] var milli þétt, brúnt til dökkbrúnt siltað torf sem innihélt nokkuð af kolaflögum, mögulegum pökkunarsteinum, eldsprungnum steinum og mól.

Um 1 m vestan við inngang og 50 cm norðaustan við holu [102] var skurður á mögulegri stoðarholu [120]. Holan var óregluleg í fleti með lóðrétta hlið suðaustan megin, meira aflíðandi en brattari hlið norðvestan megin og flatan botn. Tvær fyllingar voru í holunni [121] og [122] og var 35 cm á lengd, 30 cm á breidd og 13 cm á dýpt. Efri fylling holunnar [121] var þétt svört silt með mikið af kolaflögum. Mögulega var þarna leifar gólflags sem hefur sokkið ofan í holuna. Fyllingin var 35 cm á lengd, 30 cm á breidd og 4 cm þykk. Neðri fyllingin [122] var milli þétt, brún sendin silt með smáum steinum. Líklega var þarna samansafn af silti þar sem ekki er víst hvort þar hafi verið stoðarhola. Fyllingin var 24 cm á lengd, 30 cm á breidd og 10 cm þykk.




Mynd 50. Snið og sniðteikning sem snýr í suður á stoðarholu [112]. Ljósmynd: Jonathan Buttery. Tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.




Mynd 51. Snið og sniðteikning sem snýr í norðaustur á stoðarholu [100]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.

Rétt norðan við suður vegg í fyrir miðju var skurður á stórri hringlaga holu [102]. Holan hafði aflíðandi hlið í norðaustur enda og var stór steinn staðsettur við suðvestur enda. Holan var 1.36 m í þvermál og 36 cm á dýpt og hafði tvær fyllingar [103] og [114] og stóran stein [104]. Ekki er vitað hvert hlutverk holunnar hefur verið en mögulega hefur þarna verið einhverskonar geymsluhola. Efri fyllingin [103] var hörð brún blandað silt, sandur, möl og torf og innihélt fáar kolaflögur. Fyllingin var mjög svipuð torfkenndu lagi [097] sem var þar að ofan og er líklegt að lagið hefur sokkið ofan í holuna og fyllt hana að hluta til. Fyllingin var 1.34 m í þvermál og 16 cm á þykkt. Stór steinn [104] var staðsettur við enda holunnar og virðist hafa verið lagður eða fallið í fyllingu [103] þar sem hann liggur ofan á fyllingu [114]. Steinninn var um 70 cm x 39 cm á stærð. Neðri fyllingin [114] var mjög þéttur svarbrúnn siltaður sandur og möl sem innihélt kolaflögur. Fyllingin var 1.36 m í þvermál og 24 cm á þykkt.




Mynd 52. Snið og sniðteikning sem snýr í norðaustur á stoðarholu [120]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.



Mynd 53. Snið og sniðteikning sem snýr í norðvestur á holu [102]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.


Austan megin í skálanum á mörkum sets og gólfs voru þrjár stoðarholur [075], [083] og [126]. Nyrst var hringlaga stoðarhola [075] sem var staðsett í um 1 m norðaustan við langeldinn og var 32 cm á lengd, 30 cm á breidd og 17 cm djúp. Þegar helmingur stoðarholunnar var grafinn var holan grynri eða um 10 cm djúp en við fullnaðaruppgröft kom í ljós að vestur hlið holunnar væri dýpri eða um 17 cm. Stoðarholan hafði íhvolfar hliðar, rúnaðan botn og innihélt þrjár fyllingar. Efst var fylling [076] sem var þétt ljósbrúnt siltað torf sem innihélt kolaflogur, möl og nokkra pökkunarsteina. Mögulega var þarna hrun sem hefur sokkið ofan í holuna eftir að stoðin var fjarlægð. Fyllingin var 17 cm í þvermál og 5 cm á



Mynd 54. Snið og sniðteikning sem snýr í austur á stoðarholu [075]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir.


þykkt. Miðju fyllingin [077] var þétt en molnaði auðveldlega, svargrá og dökkbrún sendin silt sem innihélt kolaflögur, mól og brennd bein. Mögulega hefur gólflag sokkið þar ofan í eftir að stoðarholan var fjarlægð. Fyllingin var 27 cm í þvermál og 4 cm á þykkt. Í botninum var fylling [078] sem var 32 cm í þvermál og 16 cm á þykkt. Fyllingin var þétt, milli til dökkbrún mól og siltaður sandur sem innihélt smá kolaflögur. Fyllingin líkist náttúrulegum jarðvegi sem hefur verið þjappaður í kringum stoðina.

Stoðarhola [083] var staðsett rétt austan við langeldinn í miðju skálans. Stoðarholan var hringlaga í fleti með íhvolfar hliðar og U-laga botn. Stoðarholan hafði þrjár fyllingar og var 44 cm á lengd, 40 cm á breidd og 27 cm á dýpt. Efst var fylling [084] sem var laust og mjúkt brúnt siltað torf með fáum kolaflögum. Líklega var þetta hrun sem hefur sokkið ofan í holuna eftir að stoðin hafði verið fjarlægð. Fyllingin var 9 cm í þvermál og 3 cm á þykkt. Miðju fylling stoðarholunnar [085] var þétt en molnaði auðveldlega, svarbrún sendin silt og mól með mikið af kolaflögum og brenndum beinum.



Mynd 55. Snið og sniðteikning sem snýr í austur á stoðarholu [083]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.


Fyllingin innihélt pökkunarsteina og var 28 cm í þvermál og 8 cm á þykkt. Mögulega hefur þessi fylling verið gólflag sem hefur sokkið ofan í holuna. Botn fyllingin [086] var þétt dökkbrúnt blandað torf og mól sem innihélt fáar kolaflögur. Hér hefur verið upprunaleg fylling í kringum stoðina. Fyllingin var 20 cm í þvermál og 5 cm á þykkt.



Syðst af stoðarholunum í austur enda skálans á mörkum sets og gólfs, um 1.5 m vestan við innganginn, var hringlaga stoðarhola [126] sem var 26 cm í þvermál og 19 cm djúp. Stoðarholan hafði næstum lóðréttar hliðar og flatan botn. Einungis var ein fylling í stoðarholunni. Fyllingin [127] var þétt, svargrá og brúnn siltaður sandur með lítið af kolaflögum og mól.


Mynd 56. Snið og sniðteikning sem snýr í vestur á stoðarholu [126]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Í vestur enda skálans á mörkum gólfs og sets voru þrjár stoðarholur staðsettar [061], [072] og [117]. Nyrst var hringlaga stoðarhola [061] sem var 40 cm í þvermál og 20 cm á dýpt. Stoðarholan var skorin í torflag [060] og hafði brattar hliðar og flatan botn. Í stoðarholunni voru tvær fyllingar. Efri fyllingin [057] var mjúk, svarbrúnt silt sem innihélt mikið af kolaflögum, pökkunarsteinum og möl. Pökkunarsteinar voru í fyllingunni og voru steinarnir stærri við jaðar þess. Fyllingin virðist vera leifar gólflags sem hefur sokkið í holuna eftir að stoðin var fjarlægð. Fyllingin var 25 cm í þvermál og 15 cm á þykkt. Neðri fyllingin [062] var þétt milli til dökkbrúnt silt og sandur, sem innihélt möl og lítið af kolaflögum. Fyllingin var svipuð og náttúrulegur jarðvegur og hefur líklega verið upprunaleg fylling í kringum stoðina. Fyllingin var 40 cm í þvermál og 5 cm á þykkt.




Í miðju skálans um 20 cm vestan við langeldinn og við suður enda steinalínu [034] var stoðarhola [072]. Stoðarholan var aflöng í fleti með næstum lóðrétta hlið við norður endann, aflíðandi hlið við suður enda holunnar og næstum flatan botn. Stoðarholan innihélt tvær fyllingar og var 39 cm á lengd, 35 cm á breidd og um 18 cm á dýpt. Efri fylling [073] stoðarholunnar var laus dökkbrún svört silt og möl sem innihélt mikið af kolaflögum og efst voru líklegir pökkunarsteinar. Fyllingin var 32 cm í þvermál og 9 cm þykk. Neðri og líklega upprunaleg fylling [074] í kringum stoðina var þétt en molnaði auðveldlega, milli til dökkbrún sendin möl sem innihélt smá kolaflögur. Fyllingin var 39 cm í þvermál og 9 cm á þykkt.

Mynd 57. Snið og sniðteikning sem snýr í norðaustur á stoðarholu [061]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.



Mynd 58. Snið og sniðteikning sem snýr í vestur á stoðarholu [072]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Suðvestan við brunaholu [128] fast upp við stóran stein var stoðarhola [117]. Stoðarholan var hringlaga í fleti og var 30 cm í þvermál og 10 cm á dýpt. Hliðar stoðarholunnar voru brattar og með rúnaðan botn. Stoðarholan innihélt tvær fyllingar og var efri fyllingin [118] mjúk en þétt svört siltuð aska sem innihélt kolaflögur. Líklega var þessi fylling hluti af gólflagi og eldstæði sem hefur sokkið ofan í holuna eftir að stoðin var fjarlægð. Fyllingin var 30 cm í þvermál og 4 cm þykkt. Neðri fyllingin [119] var þétt rauðbrúnt torf og silt sem var 30 cm í þvermál og 5 cm þykk.




Mynd 59. Snið og sniðteikning sem snýr í vestur á stoðarholu [117]. Ljósmynd: AR. Tölvuteikning: KSR.

Í norður enda skálans við vestur hliðina voru tvær mögulegar stoðarholur/stoðarsteinar [058] og [064] þar sem náttúrulegt berg hefur verið notað til að skorða stoðir og þökkunarsteinar lagðir þar upp við. Stoðarholurnar eru báðar í línu við stoðarholur vestan megin í skálanum á mörkum sets og gólfs og líktust fyllingar torflagi [060] sem voru þar yfir. Stoðarhola [058] var óregluleg í laginu með brattar hliðar og flatan botn. Stoðarholan var 30 cm á lengd, 24 cm á breidd og 15 cm á dýpt. Fylling holunnar [059] var mjög þétt, skellótt ljósbrúnt torf með dökkbrúnum og svörtum skellum sem innihélt smáa steina, miðstóra þökkunarsteina og kolaflögur.




Mynd 60. Líklegar stoðarholur [064] staðsett fyrir miðju og [058] ofar og til hægri. Myndin er tekin í vestur. Ljósmynd: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Stoðarhola [064] var staðsett 50 cm sunnan við stoðarholu [058] og um 2 m norðan við stoðarholu [061]. Stoðarholan var óregluleg í laginu með aflíðandi hliðar og flatan botn. Fylling stoðarholunnar [065] var þétt, skellótt, ljós- og dökkbrúnt siltað torf, sem innihélt smáa mól, kolaflögur og pökkunarsteina. Mögulega er þetta ekki fylling heldur uppfyllingarefni líkt og lag [060] þar sem ekki voru greinileg mörk á fyllingunni nema að pökkunarsteinarnir í kring.



Mynd 61. Sniðteikningar á mögulegum stoðarholum [058] og [065].

Við norður enda langelds í miðju gólfi var stoðarhola [079]. Holan var 45 cm á lengd, 30 cm á breidd og 20 cm djúp. Stoðarholan var óregluleg í laginu og hafði aflíðandi hlið í suður enda og bratta hlið í norður enda. Í fyrstu var talið að þarna væri svokölluð feluhola en við uppgröft kom í ljós að þarna væri líkleg stoðarhola sem hafði þrjár fyllingar. Holan var beint á mótí stoðarholu [112] sem er staðsett í suður enda skálans fyrir miðju. Líklega voru þarna miðju stoðir til að halda uppi þakinu.



Efst var fylling [080] sem var um 45 cm á lengd, 30 cm á breidd og 5 cm á þykkt. Fyllingin var mjúkt brúnt siltað torf með rauðum blæ sem innihélt fáar kolaflögur og mól. Mögulega var fyllingin hrun úr vegg og/eða þaki sem hefur sokkið ofan í stoðarholuna eftir að stoðin var fjarlægð. Þar beint undir var miðju fylling [081] holunnar sem var mjúk, svardökkbrúnn siltaður sandur sem innihélt kolaflögur, smáa steina og brennd bein. Líklega er þetta leifar gólflags sem hafa sokkið þar ofan í yfir tímann. Fyllingin var 30 cm í þvermál og 7 cm á þykkt. Í

Mynd 62. Snið og sniðteikning sem snýr í norðaustur á stoðarholu [061]. Ljósmynd og tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

botninum var fylling **[082]** sem var 36 cm í þvermál og 14 cm á þykkt. Stoðarholan var dýpri en var talið í fyrstu. Fyllingin var þétt millibrún mól og torf sem innihélt mól og fáar kolaflögur. Hefur þarna verið jarðvegur sem hefur verið þjappaður í kringum stoðina þegar hún var enn í.

Í norður enda skála undir stórum steini **[040]** og undir öskugólflagi **[028]** voru staðsettar átta pinnaholur. Þessum átta pinnaholum var gefið hópnumer **[144]** þar sem þær eru allar staðsettar í sama enda skálans. Pinnahola **[066]** er tekin með í hópnumerinu þar sem hún var staðsett um 15 cm vestan við austur vegg í norður hluta skála og fannst við fjarlægingu á undirbekkjarlagi. Pinnaholan var hringlaga í plani um 6 cm í þvermál og var fylling þess laus brúnn siltaður sandur með kolaflögum.



Mynd 63. Hluti af pinnaholum **[144]** í norður enda.

Pinnahola **[130]** var hringlaga í plani með íhvolfar hliðar og rúnaðan botn. Fylling holunnar **[131]** var mjúkt ljósbrúnt torf sem innihélt smá kolaflögur og ösku. Pinnahola **[132]** var næstum hringlaga í plani með íhvolfar hliðar og flatan botn. Fylling holunnar **[133]** var laust dökkbrúnt torf sem innihélt kolaflögur og brennd bein. Pinnahola **[134]** var næstum hringlaga í plani með brattar hliðar og flatan botn. Fylling holunnar **[135]** var millibrúnt torf með gulum blæ sem innihélt kolaflögum og brenndum beinum. Pinnahola **[136]** var næstum hringlaga í plani með íhvolfar hliðar og rúnaðan botn. Fylling holunnar **[137]** var mjúkt brúnt siltað torf sem innihélt kolaflögur. Pinnahola

[138] var næstum hringlaga í plani með brattar hliðar og flatan botn. Fylling holunnar [139] var mjúkt brúnt torf með gulum blæ. Pinnahola [140] var næstum hringlaga í plani með íhvolfar hliðar og flatan botn. Fylling holunnar [141] var mjúkt brúnt torf með kolaflögur og brennd bein. Pinnahola [142] var hringlaga í plani með grunnar hliðar og U-laga botn. Fylling holunnar [143] var þétt svargrár siltaður sandur sem innihélt brennd bein og kolaflögur.

5.4 Afhýsi

Enginn greinilegur inngangur var sjáanlegur við rannsóknir sumarið 2021 og var þá talið að gengið væri inn í húsið ofan á veggjum. Við rannsóknir í ár kom í ljós traðkað lag [216] í suðvestur horni hússins og því talið innganginn vera staðsettan þar. Lagið var mjög þétt, dökkgrátt torf og silt með svörtum skellum og innihélt kolaflögur. Lagið var um 5 cm á þykkt og stoppaði upp við veggina í innganginum.



Mynd 64. Líklegur inngangur inn í afhýsið merktur með rauðri ör. Myndin er tekin með dróna og upp er í vestur. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir


Talið var sumarið 2021 að gólflag afhýsisins [205] væri beint ofan á náttúrulegum jarðvegi [201]. Við rannsóknir í ár kom í ljós að undir gólfluginu var malarlag [217] sem var mjög líkt náttúrulegum jarðvegi en virtist vera uppfyllingarlag til að jafna undirlag gólfsins. Lagið var laus dökkbrúnt silt sem innihélt mikið af mól.

Skorið í malarlag [217] voru tvær holur [214] og [218]. Hóla [214] var staðsett í suðvestur horni afhýsisins og hafði hringlaga með íhvolfar hliðar og U-laga botn. Holan var 58 cm í þvermál og 12 cm á dýpt. Fylling holunnar [215] var brúnt torf og mól sem molnaði auðveldlega og innihélt eldsprungna steina. Ekki vitað hvert hlutverk holunnar hefur verið.



Mynd 65. Holur [214] til vinstri og hola [218] til hægri staðsettar innan afhýsis, skornar í malarlag [217]. Myndin er tekin í suður. Ljósmynd: Kate Fitzpatrick.

Hola [218] var staðsett um 1 m norðvestan við holu [214] og var 56 cm í þvermál og 22 cm á dýpt. Skurður holunnar var næstum hringlaga í fleti með brattar hliðar og V-laga botn. Fylling holunnar [213] var þétt, dökkbrúnt siltað torf með gráum blæ sem innihélt eitthvað af kolaflogum. Ekki vitað hvert hlutverk holunnar hefur verið.



Mynd 66. Til vinstri: Snið og sniðteikning sem snýr í suður á holu [214]. Til hægri: Snið og sniðteikning sem snýr í norðaustur á holu [218]. Ljósmyndir: Kate Fitzpatrick. Tölvuteikningar: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

5.5 Fjós

Í október árið 2021 var fengin grafa til að taka yfirborðið af því svæði veglínunnar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru áætlaðar. Við fjarlægingu á yfirborðinu sást glitta í steina sem gáfu grun um að bygging kynni að vera á þessu svæði. Eftir að yfirborðslagið hafði verið fjarlægt í veglínunni í október 2021 náði svæðið að veðrast og komu þá í ljós steinahellur í um 10 m austan við skálann sem líklegast voru flór í fjósi. Var því ákveðið að fá gröfu aftur inn til að fjarlægja meira af yfirborðslagi af svæðinu til að sjá umfang fjóssins.



Mynd 67. Hér sést svæðið sem grafan fjarlægði yfirborðslagið í veglínu. Myndin er tekin með dróna og upp er í norðvestur. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

Efst var yfirborðslag **[304]** sem var þétt dökkgrátt brúnt silt með mikið af rótum og steinum. Yfir svæðinu var mikið af bláberja og krækiberjalyngi. Lagið var yfir 110 m á lengd, yfir 37 m á breidd og mest um 40 cm á þykkt. Þar beint undir voru torf skellur sem voru túlkaðar sem hrun eða leifar af veggjum fjóssins **[302]**. Torfið var ekki sjáanlegt yfir öllu svæðinu og voru einungis skellur hér og þar en ekkert sem benti til að um strúktúr væri að ræða. Torfið var þétt gulbrúnt að lit og var mest um 12 cm á þykkt.

Við fjarlægingu á yfirborðslagi [304] komu steinahellur [301] og torf skellur [302] í ljós, og var því ljóst að þar væri um flór að ræða. Hellurnar voru flatar og allar misstórar. Flórinn var 8.2 m á lengd, 1.4 m á breidd og um 15 cm á þykkt. Undir flórnum var svo skurður [300] í botni fjóssins. Skurðurinn var línulaga í plani með



Mynd 68. Flatar hellur að koma í ljós undan yfirborði atli Rúnarsson.

aflíðandi hliðar og flatan botn. Skurðurinn liggur í norður – suður og hefur fjósið hallað niður til suðurs. Skurðurinn var 10 m á lengd, 1 m á breidd og 21 cm á dýpt.



Mynd 69. Yfirlitsmynd af fjósinu tekið með dróna. Upp er í austur. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.


Skurðurinn og flórinn lágu undir garðlagi [303] sem liggur í austur- vestur og nær inn á uppgraftarsvæðið við skálann. Er þetta sama og garðlag [007] inni á uppgraftarsvæði

skálans. Veggurinn var byggður úr þéttu appelsínugulbrúnu strengjatorfi sem innihélt sandlinsur. Garðlagið var 10 m+ á lengd, 2 m á breidd og 24 cm á þykkt.



Mynd 70. Skurður tekinn inn í garðlagið [303]/[007] til að sjá umfang flórins. Þar sést flórin [301] fara undir garðlagið.

Haustið 2022 var farið aftur að Grónesi og garðlagið fjarlæggt ofan af flórnum þar til að engir steinar voru lengur sjáanlegir og með því var hægt að gera sér grein betur grein fyrir mögulegri stærð byggingarinnar. Byggingin hefur líklega verið um yfir 9 m að lengd en suðurhluti hennar var raskaður svo mögulega getur hún hafa verið lengri en líklegasta stærð hennar eru um 10 m. Líklega hafa verið básar beggja vegna miðað við torflinsurnar sem voru eftir af veggjum byggingarinnar.



Mynd 71. Teikning af flór byggingarinnar. Veggir eru aðeins tilgáta byggð af staðsetningu torflinsa sem fundust. Teikning MHH

6. Túlkun 2022

6.1 Skálinn

Skálinn er staðsettur á svæði sem er þakið lyngmóa, þar sem runnar af krækiberjalygni bláberjalyngi og Fjalldrapa voru yfir skálanum. Undir yfirborðinu var jarðvegurinn mjög blautur og skýrist það að vatnið nær að halda sér vel í jarðveginum og voru smápúfur þar sem jarðvegurinn var þurrari og stórþúfur þar sem jarðvegurinn var rakari. Ljóst er að svæðið hafi verið mjög blautt þegar skálinn var byggður þar sem hægt að sjá leifar af frárennslisskurði í fjórum Prufuskurðum sem voru grafnir í kringum skálann frá miðjum vegg og út frá honum.

Prufuskurðir 1, 3, 4 og 5 voru grafnir til þess að kanna legu frárennslisskurðar við vegg skálans. Í þeim var hægt að sjá skurð og fyllingu til hliðar við vegginn báðum megin við skálann. Svo virðist sem að hrun úr veggjum skálans hafa fyllt frárennslisskurðinn að hluta til og var fínn siltaður jarðvegur neðst. Prufuskurðirnir sýndu frárennslisskurðinn liggja frá norður enda, niður með veggjum til austur, fram hjá innganginum og þangað niður til suðurs og blandaðist saman í lag **[071]**. Þar að auki fór rennan frá norður enda, niður með veggjum til vesturs, þar sem rennan hélt áfram fram hjá afhýsinu og þaðan út fyrir uppgrafarsvæðið. Eftir uppgröft á prufuskurðunum niður í náttúrulegan jarðveg var hægt að sjá að þar sem frárennslisskurðurinn var staðsettur safnaðist vatn saman og hélt vatni vel frá veggjum skálans þar sem þurrt var.



Mynd 72. Hér sést líkleglega frárennisskurðar [148] teiknaður með hvítu inn á mynd sem var tekin með dróna. Þar sést hvernig rennan liggur niður til suðurs og umlykur skálann. Þar hefur vatn safnast saman til að hleypa því frá skálanum. Upp er í suður.

Við fjarlægingu á lagi [009] og hrúni [004 og 011] varð suður veggur skálans greinilegrir þar sem hægt var að sjá mörk þess inn á milli þúfnanna. Utan við vegg sunnan til var svart hart lag [067] sem var fullt af eldsprungnum steinum og virðist hafa verið efni úr öskuhaug. Þar beint undir var annað svart öskulag [071] sem einnig líktist öskuhaugslagi. Þessi lög voru að sjá í Prufuskurði 6 í gegnum suðaustur vegg. Líkleg voru þessi lög notuð sem einhverskonar uppfyllingarefni til að fá harða undirstöðu utan við skálann eða að öskuhaugur hefur verið staðsettur þar nálægt.

Jarðlög vestan við skálann og norðan við afhýsið í norðaustur horni uppgriftarsvæðis hélt vatni mjög vel og virðist sem frárennisskurðurinn hleypti vatni þar í dæld. Í þessari dæld var ekki hægt að sjá útlínur frárennisskurðarins en við suðvestur enda þessara dældar birtist frárennisskurðurinn og hélt þar áfram út fyrir svæðið. Ekki er vitað hvort að þessi dæld hafi verið grafin eða hvort um náttúrulega dæld í landslaginu sé að ræða.



Mynd 73. Myndin sýnir svæði vestan við skálann og norðan við afhýsið. Dældin sést hér ofan við mælistikuna. Myndin snýr í austur. Ljósmynd: Jonathan Buttery.

Í prufuskurði 3 var hægt að sjá að veggur [007] sem liggur í austur vestur í norður enda uppgraftarsvæðis hafi verið reistur eftir að skálinn hafði hrunið saman. Þetta var einnig hægt að sjá í prufuskurði 7 þar sem hægt að sjá undirstöðu veggjarins og að þar hafi líklega verið röð af steinum [089] verið komið fyrir neðst. Steinarnir voru um það bil um 30 cm á breidd hvor um sig.

Árið 2021 var ekki víst um hvort að renna lægi fram hjá innganginum. Rannsóknir í ár á jarðlögum við innganginn sýndi að þar væri í raun frárennslisskurður [022] og að hann færi fram hjá innganginum til að hleypa vatni þaðan frá. Lag [021] sem var staðsett í innganginum var rannsakað að fullu og viðrist það hafa verið traðkað lag sem líktist mjög lagi [071] sem lá sunnan við skálann að utan. Fyllingin [023] í frárennslisskurðinum er líklega sama efni og lag [021] sem hefur safnast þar saman.

Talið var að tvær steinahrúgur staðsettar sitthvoru megin í norður og suður enda skála væru miðju stoðir. Við rannsóknir í ár var ekki að sjá skurð fyrir holum undir þessum steinahrúgum til norðurs og suðurs við langeldinn. Steinar voru fjarlægðir þar sem stoðarhola [014] var skráð sumarið 2021 og kom þar í ljós að renna [036] hélt þar áfram undir og enginn hringlaga skurður var sjáanlegur. Í suður enda þar sem stoðarhola [016] var skráð var stór hola [102] en ekki stoðarhola.



Mynd 74. Svæði í norður enda skálans. Mynd til vinstri var tekin árið 2021 og sýnir þar sem líkleg stoðarhola [014] var skráð sumarið 2021. Mynd til hægri var tekin 2022 og sýnir staðsetningu þar sem stoðarholan var talin vera. Þar er hægt að sjá að renna [036] hélt áfram og endinn skurður fyrir stoðarholu var sjáanleg. Myndin var tekin með dróna og er upp í suður. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.



Mynd 75. Svæði í suður enda skálans. Mynd til vinstri var tekin árið 2021 og sýnir þar innan gula hringsins þar sem líkleg stoðarhola [016] var skráð sumarið 2021. Mynd til hægri var tekin 2022 og sýnir þar innan gula hringsins staðsetningu þar sem stoðarholan var talin vera. Þar er hægt að sjá að þar væri í raun stór hola [102] en ekki stoðarhola. Myndin var tekin með dróna og er upp í suður. Drónamynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

Alls voru skráðar 13 stoðarholur innan skála, tvær í norður enda við vestur hliðina, þrjár við austur enda á mörkum sets og gólfs, þrjár í vestur enda á mörkum sets og gólfs, tvær í miðjum skála sunnan og norðan við langeld, tvær við inngang innan skála og þrjár í suður enda. Flestar stoðarholurnar höfðu ýmist 3 fyllingar og er líklegt að gólflag og hrun hefur sokkið ofan í holuna eftir að stoðirnar voru fjarlægðar. Neðsta fylling þeirra sem voru með þrjár fyllingar voru yfirleitt mól sem hefur verið staðsett í kringum stoðina þegar hún var enn til staðar.

Algennt er að finna stoðarholur innan skála og geta þær gefið vísbendingar um burðargrind hússins. Engar stoðarholur fundust á mörkum veggjar og sets og má því leiða

Svo virðist sem hefur þurft að jafna út svæðið áður en skálinn var byggður. Mikið er af náttúrulegri klöpp á svæðinu sem hefur verið erfitt að búa með og til þess að fá sem sléttasta svæðið hefur verið lagt malarlag fyrir miðja skálans [092] og torf í suður og norður [033] og [060] enda. Það sama á við í afhýsinu þar sem lag [217] var staðsett undir gólfluginu [205].

6.2 Afhýsi

Talið var að rýmið sem er samtengt skálanum til vesturs væri jarðhýsi eða réttara sagt smáhýsi. Var það talið vegna stærðar þess, enginn greinilegur inngangur var sjáanlegur inn í rýmið og líklegur ofn var staðsettur í norðvestur horni. Við rannsóknir nú í sumar kom í ljós traðkað lag [216] í suðvestur horni undir hruni sem leiddi til þess að inngangur fannst inn í rýmið.

Gólflag [205] var fjarlægt sumarið 2021, var þá talið að þar undir væri náttúruleg mól. Við rannsóknir í ár var hægt að sjá að þetta malarlag [217] væri einhverskonar uppfyllingarefni sem hefur verið komið þar fyrir til að jafna undirlag innan rýmisins. Skorið í lagið voru tvær stórar holur [214] og [218]. Ekki er ljóst hvert hlutverk þeirra hefur verið en í fyllingu [215] voru eldsprungnir steinar og í fyllingu [213] voru kolaflögur.


Steinahrúga [206] sem var staðsett í norðvestur horni var túlkað sem eldstæði sumarið 2021. Við rannsóknir í sumar kom í ljós að þarna hafi ekki verið eldstæði þar sem ekki var hægt að sjá eldsprungna eða sótaða steina, engir kolamolar og enginn strúktúr var á grjótinu. Líklega hefur þar verið einhverskonar samansafn af grjóti sem hefur fallið saman á þennan hátt.

Þrjár líklegar stoðarholur [209], [210] og [212] voru skráðar síðasta sumar. Við rannsóknir í ár var ekki að sjá holur undir þessum þremur steinahrúgum og getur verið að smáum steinum hefur verið pakkað uppvið smáar stoðir í staðinn fyrir að vera grafnar niður.

Ekki er vitað hvert hlutverk þessa rýmis hefur verið en mögulega hefur þar verið einhverskonar geymslurými eða afhýsi út frá skálanum. Með Prufuskurði 2 var ekki hægt að sjá að þar hafi verið opið á milli skálans og afhýsisins.

6.3 Fjós

Ljóst er að fjósið hefur verið mikið raskað þar sem ekkert var eftir af veggjum fjóssins og erfitt var að greina raunverulega stærð þess. Garðlagið hefur verið reist einhverju seinna en fjósið, eða eftir að fjósið var hrunið. Mögulega hefur torf úr veggjum fjóssins verið notað við byggingu á garðlaginu.




Mynd 77. Sniðteikning af skurði sem var tekinn yfir flórinn í fjósinu. Tölvuteikning: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir.

Mögulegt er að fjósið hafi verið um 10 m á lengd þó svo erfitt sé að fullyrða það, það gæti hæglega hafa verið lengra þar sem suður hluti þess var raskaður. Haustið 2022 var garðlagið mokað ofan af til að finna enda flórsins. Flest bendir til að fjósið hafi verið tvístætt miðað við torlinsur sem fundust og bentu til hvar veggir höfðu verið.

7. Gripir

7.3 Skálinn á Grónesi

Alls voru 24 fundanúmer gefin við rannsóknina á skálanum sumarið 2022. Allir voru þeir gripir sem tengjast hversdagslegum athæfum sem búast má við að finnist við uppgröft á skála. Þar má nefna brýni, kljásteina og jaspis. Þó eru margir gripir sem ekki er hægt að tilgreina eftir sérstöku hlutverki.



Allir nema einn af gripunum sem fundust í sumar voru steinar. Flestir voru óunnir en margir þeirra voru unnir. Mest var um jaspis steina (8), næst voru steinar með óþekkt hlutverk (8), kljásteinar (4), brýni (2), eldtinna (1), hurðasteinn (1), kvarts steinn (1) og lóð (1). Jaspis (F#119 úr lagi [009], F#124 úr lagi [021], F#129 úr lagi [092], F#130 úr lagi [004], F#132 úr lagi [010] og F#127, F#133 og F#138 úr lagi [071]) og eldtinnan (F#131 í lagi [010]) hafa að öllum líkindum verið notaðir til að slá eld ásamt eldstáli. Fjórir kljásteinar fundust við uppgröftinn, tveir fundust innan skála einn í norður enda (F#137 úr lagi [028]) og einn í suður enda (F#128 úr lagi [097]) og svo aðrir tveir (F#115 úr lagi [009] og F#126 úr lagi [071]) utan skála sunnan til. Tvö brýni fundust sunnan við skálann í kolasmituðum lögum [009] og [071], eitt brýnið var líklegt brýni (F#136) og hitt var brotið með gati (F#118). Hurðasteinninn (F#134) fannst beint upp við/í vegg [003] sunnan til við innganginn inn í skálann. Steinninn var stór og þungur og var gatið heldur stórt. Sjö steinar voru teknir sem höfðu óþekkt hlutverk þar sem sumir þeirra virtust vera unnir (F#116 úr lagi [009], F#121 úr lagi [060] og F#125 úr lagi [071]). Hinir steinarnir (F#120 úr lagi [009] og F#122 úr lagi [067]) voru einkennilegir

í laginu og ekki víst hvort þeir eru náttúrulegir eða notaðir til einhvers. Sunnan skála að utan fundust eitt brotið steinlóð (**F#117** úr lagi **[007]**), einn kvarts steinn (**F#123** úr lagi **[067]**) og fundust þau í svörtum kolasmituðum lögum.

Eitt mögulegt gjall (**F#135**) fannst við uppgröftinn í norður enda skálans í lagi **[028]**. Ekki er búin að greina gripina og því ekki víst hvort gripurinn sé gjall eða hvort þar sé náttúruleg járnútfelling.

Tafla 1. Hlutverk og efni gripa fundnir í skála sumarið 2022. Alls voru gefin 24 fundanúmer.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Jaspis	Steinn	8
Kljásteinn	Steinn	4
Brýni	Steinn	2
Óþekkt	Steinn	6
Eldtinna	Steinn	1
Hurðasteinn	Steinn	1
Kvarts	Steinn	1
Lóð	Steinn	1

7.4 Afhýsi á grónesi

Einungis einn gripur fannst í afhýsinu sumarið 2022. Var það kljásteinn eða steinlóð (**F#217**) og fannst í nálægt suður vegg í afhýsi í lagi **[211]**.


8. Heimildaskrá

Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson. 2012. *Þar minnst firðir og fólk*. Vestfirska forlagið.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022. Björgunarrannsókn á skálanum á Grónesi. NV nr. 12-22.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016. *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 09-16

9. Teikning



10. Skrár

10.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá) Skáli 2021

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
001	Yfirborðslag	3.8.21	AR/JMG	Yfirborðslag. Þétt dökkgrátt brúnt silt með mikið af rótum og steinum. Yfir svæðinu var mikið af bláberja og krækiberjalyngi. Lengd yfir svæðið 20m+, breidd 15 m+, þykkt: í Norður enda um 15 cm þykkt, í suður enda um 20 cm þykkt, í austur enda um 10 cm þykkt og í vestur enda var það um 9 cm þykkt.	F#003, F#004, F#006, F#008, F#009, F#010, F#013
002	Náttúrulegt	3.8.21	AR/JMG	Náttúruleg mól. Þétt mól en laus í sér. Ljós gul, rauðbrún mól með smáum steinum. Náttúrulegi jarðvegurinn viðist hafa komið upp í gegnum jarðlög á sumum stöðum þar sem þúfur eru staðsettar vegna frosts. Hefur þetta átt sér stað í suður enda svæðis þar sem mest eru um þúfur.	

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
003	Torfveggur	3.8.21	AR/JMG	Torfveggur í skála, Strengjatorf. Þétt og skellótt grábrúnt með ljósgulu í. Torfið í veggjunum er meira gulbrúnt austan megin og brúnt vestan megin. Þykkt veggja er um 30ö50 cm í norður enda og breidd er u.þ.b. 60 cm.	F#134
004	Hrun utan við vegg	3.8.21	JMG	Hrun úr veggjum utan við vegg skála. Þétt, skellótt, dökk grábrúnt með ljós gulbrúnum skellum. Blandað torf og möl. Hrúnið lá yfir steinum [006]. Breidd var um 65 cm og þykkt um 20 cm.	F#017, F#130
005	Kolaríkt lag	3.8.21	JB	Mögulega skolað niður lag frá inngangi eða traðkað lag í suðaustur horni uppgraftarsvæðis. Mjúk svört sendið silt með mikið af kolasmíti og brenndum beinum. Lengd um 3.8 m og breidd um 1.93..	S#005

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
006	Steinar í vegg	3.8.21	JB	Steinar í vegg skálans. Steinar en á víð og dreif og eru sum staðar í röð og á sumum stöðum virðast ekki vera neinir steinar. Sumir eru einnig náttúrulegt berg (bedrock). Milli stórir til stórir steinar allskonar að gerð.	
007	Torfhlaðinn túngarður	3.8.21	JMG	Mögulegur túngarður eða aðhald staðsett norðan við skálann og liggur í austur - vestur. Líklegast er það tengt við skálann en ekki er enn vitað hvort garðurinn var lagður áður eða eftir að skálinn var byggður. Lengd er 2 m+, breidd er um 1 m og ekki enn vitað um þykkt veggjarins.	
008	Hrun úr túngarði	3.8.21	JMG	Hrun úr mögulegum túngarði/ aðhaldi (007). Milli þétt til þétt ljós og dökk skellótt appelsínugult brúnt torf með smáum steinum. Lengd um 3 m+ og breidd um 70 cm.	

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
009	Kolaríkt lag/ gólflag skolað niður	18.8.21	JB	Mögulegt gólflag sem hefur skolast niður brekkuna og úr skála og yfir vegg skálans sunnan til. Mjúkt, svart silt með mikið af kolaflögum og brenndum beinum. Líkist mjög gólflagi innan í skála en er lausara í sér og ekki eins feitt og gólfið inni í skála. Lengd er um 2 x 2 m.	F#007, F#115, F#116, F#117, F#118, F#119, F#120, S#23
010	Gólflag	19.8.21	AR	Gólflag innan í skála. Feitt svart silt með mikið af kolasmíti, kolaflögum og brenndum beinum. Virðist sem þetta sé efra gólflag í norðurenda skála þar sem virðist vera tvö gólflög en aðeins eitt í suðurenda.	F#11, F#12, F#16, F#18, F#20, F#22, F#23, F#24, F#15, F#30, F#33, F#34, F#35, F#36, F#37, F#39, F#40, F#41, F#42, F#44, F#45, F#46, F#47, F#48, F#49, F#50, F#51, F#52, F#53, F#59, F#60, F#61, F#62, F#63, F#64, F#65, F#66, F#67, F#68, F#69, F#70, F#80, F#81, F#82, F#83, F#84, F#85, F#86, F#87, F#88, F#89, F#90, F#91, F#92, F#93, F#94, F#95,

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
					F#96, S#003, F#131, F#132 S#004, S#006, S#011, S#013, S#015, S#016, S#017, S#018, S#019, S#039
011	Hrun úr veggjum innan skála	19.8.21	KF/JMG	Hrun úr veggjum og þaki innan skála. Sama efni og (004). Lagið liggur undir yfirborðslagi (001) og yfir góflagi (010) og langeld (013). Þétt (laust í sér á sumum stöðum) millibrúnt með gulum og fjólubláum skellum, sendin silt og torf. Ekki mikið um kolaflögur en mikið um mól. Lengd er um 11.5 m og breidd um 4 m.	F#029, F#031, F#014, F#019, F#32, F#28, S#38
012	Bekkur austan megin	24.8.21	JB/AR	Bekkur austan megin í skála. Þétt, millibrúnt torf með fjólubláum blæ og smáum steinum. Hrun liggur yfir bekkjum. Lengd- 8 m, Breidd- 1 m, Þykkt- 10 cm	F#025, F#026, F#027, F#71, F#072, F#073, F#74

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
013	Fylling í Eldstæði	24.8.21	JMG	Fylling í Eldstæði. Þétt/ milli þétt svart silt með gráum blæ og mikið af kolamolum og brenndum beinum. Brennt og kolasmitað efni sem liggur yfir hellum í eldstæði (035).	F#55, F#57, F#58, S#007, S#008, F#009, F#010
014	Stoðarhola, skurður	24.8.21	JMG	Möguleg stoðarhola í norður enda skála. Steinar lagðir í hring með fyllingu (015) á milli steina. Passar beint á móti stoðarholu [016] í suður enda. Mögulega eru þetta steinar lagðir saman í kringum stoð án þess að hola hafi verið grafin, þar sem steinar liggja ofan á gólfi (010) eða að þetta sé hrun af steinum sem hefur fallið í hring. Erfitt að sjá hvort steinarnir eru tengdir við rennu/skilrúm sem er í norðurenda þar sem eldstæði og öskulag er (028) (029). Lengd 1.1 m og breidd um 1 m.	

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
015	Fylling í stoðarholu	24.8.21	JMG	Fylling í stoðarholu [014]. Þetta var eiginlega ekki fylling þar sem einungis voru steinar í hring og svo brúnn jarðvegur í kringum steina. Millibrúnt silt með lítið af kolamolun.	
016	Skurður af stoðarholu	24.8.21	JMG	Stoðarhola í suður enda skála. Er í línu við mögulega stoðarholu [014] í norður enda. Stoðarholan er ekki fullgrafin!!	
017	Fylling í stoðarholu	24.8.21	JMG	Fylling í stoðarholu [016] í suður enda skála. Stoðarhola ekki fullgrafin!!	
018	Svart lag utan við inngang	26.8.21	GMC	Svart lag utan við inngang í skála. Laust og mjög blautur jarðvegur, mjúkt milli- til dökkbrúnt svart siltaður sandur með gulbrúnum skellum. Mikið af mól og lítið af kolum og brenndum beinum. Lagið var heldur þunnt og einungis um 2 cm að þykkt. Lengd um 1 m+ og breidd 20 cm.	

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
019	Steinar í inngang	27.8.21	JB	Stórir flatir steinar í suðaustur enda skála þar sem inngangur er. Steinar eru um 8 talsins. Steinarnir eru mismunandi að stærð og gerð. Inngangurinn er um 2.5 m að lengd og 1 m að breidd.	
020	Möl undir bekk í austur enda	31.8.21	MH	Möl undir lagi (012), mögulega partur af uppbyggingu bekks í norðaustur enda skála. Ofan á undir bekkjalagi (025). Líklega er þetta einhverskonar fylling í bekk meðan skálin var í notkun þar sem lagið var yfir undirbekkjarlaginu (025). Hörð mól en laust í sér, mið-appelsínugulbrún mól með torfi og sandi í, en að mestu steinar og mól. Lengd var 3 m, breidd 80 cm og þykkt var 10 cm.	

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
021	Svart lag undir (018) við inngang	2.9.21	KSR	Svart öskulag utan við inngang (framan við og austan við stóran stein sem var uppi á rönd). Mögulega traðkað lag þegar gegnið var inn og út úr skála. Lagið er misþykkt og skellótt með náttúrulegri mól í gegn þar sem þúfur eru og frost hefur lyft því upp. Svæðið við innganginn er mjög blautt og er líklegar tengt við fyllingu (023) í mögulegri rennu (022) sunnan við þetta lag. Lagið var þétt svargrábrúnt silt með sand skellum. Mikið af kolafögum og ösku. Þykkt lags var um 2-3 cm.	F#124, S#021
022	Skurður af mögulegri rennu við inngang	2.9.21	KSR	Skurður af mögulegri rennu sunnan við inngang í skála [019] upp við vegg. Skurðurinn er óreglugaur í laginu með steinalínu efst. Svæðið er blautt og heldur vatni ansi vel, því er líklegt að þarna sé einhverskonar renna til að halda og koma vatni frá inngangi. Lengd 2 m+ og breidd mestu um 60	

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
				cm. Rennan hefur ekki verið grafin að fullu!!	
023	Fylling í mögulegri rennu við inngang	2.9.21	KSR	Fylling í mögulegri rennu við inngang í skála [022]. Fyllingin er mjúk en blaut svargrá silt. Lengd 2 m+, breidd 60 cm. Fylling hefur ekki verið grafin að fullu!!	
024	Lag undir bekk vestur endi	2.9.21	KSR/AR	Lag undir bekk vestur enda í skála (þar sem mögulega viður hefur verið á bekkjum og lag þetta safnast saman undir bekk). Undir (038) og yfir (010). Lagið er þétt með lausri mól í. Skellótt svargrátt blandað silt og mól með kolafögum og brenndum beinum. Pinnaholur [026] eru skornar í gegnum þetta lag.	

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
				Lengd um 8 m og breidd 1 m og þykkt 5 cm.	
025	Lag undir bekk austur endi	2.9.21	KSR	Lag undir bekk í austur enda í skála (þar sem mögulega viður hefur verið á bekkjum og lag þetta safnast saman undir bekk). Undir (012). Lagið er þétt með lausri mól í. Skellótt svargrátt blandað silt og mól með kolaflögum og brenndum beinum. Pinnaholur [027] eru skornar í gegnum þetta lag. Lengd um 8 m og breidd 1 m og þykkt var um 7 cm	F#97, F#98, F#99, F#100
026	Pinnaholur í vesturbekk	2.9.21	KSR	Pinnaholur í vestur bekk skorar í (024). 3 pinnaholur voru sjáanlegar. Pinnaholurnar voru um 7 cm í þvermál og dýpt þeirra óþekkt þar sem þær hafa verið grafnar niður í náttúruleg. Holurnar voru	

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
				lóðréttar niður og fylltar með möl.	
027	Pinnaholur í austurbekk	2.9.21	KSR	Pinnaholur í austur bekk skorar í (025). 2 pinnaholur voru sjáanlegar. Pinnaholurnar voru um 7 cm í þvermál og dýpt þeirra óþekkt þar sem þær hafa verið grafnar niður í náttúruleg. Holurnar voru lóðréttar niður og fylltar með möl.	
028	Öskulag	8.9.21	JMG	Þykkt öskulag staðsett í norður enda skála. Öskulag í líklegu eldstæði. Ljós grátt, svart blandað hvítri ösku með silti og mikið af kolafögum og kolamolum. Lengd um 3 m. Lag þetta hefur ekki verið grafið enn þar sem stór steinn liggur yfir laginu.	F#135, F#137, S#035, S#043

Context	Tegund	Dagsetning	Nafn	Lýsing	Fundanúmer og sýnanúmer
